ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Lífsleikni, 4. bekkur

Kennari/ar

Kristín Steinunn Birgisdóttir, kristin.steinunn.birgisdottir@reykjavik.is

María Thorlacius, maria.thorlacius.yngvinsdottir@reykjavik.is

Sigríður Hrönn Þórarinsdóttir, sigridur.hronn.thorarinsdottir@reykjavik.is

Elma Finnlaug Þorsteinsdóttir, Elma.Finnlaug.Thorsteinsdottir@reykjavik.is .

Lýsing

Kennslutími: 40 mínútur á viku samkvæmt stundatöflu. Auk þess eru bekkjarfundir í sameiginlegum tíma fyrir bekkjarfund og val. Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Nemendur efla sjálfsþekkingu, virðingu, ábyrgð og jákvæð samskipti. Unnið er með tilfinningar, þarfir, hlutverk, heilbrigðar venjur og lausnir á ágreiningi. Einkunnarorð skólans eru færni, virðing og metnaður. Við leggjum áherslu á að efla sjálfstjórn og seiglu nemenda og höfum félagsfærni í fyrirrúmi.

Námsefni

Unnið er með:

- Bekkjarsáttmáli
- Samtalsefni og verkefni tengd uppbyggingarstefnunni
- Verkefni um líðan, samskipti og heilbrigðar venjur

Kennsluaðferðir

Unnið er með bekkjarfundi, umræður, dæmisögur og samvinnuverkefni. Nemendur æfa að hlusta, tjá sig og finna lausnir. Kennslan tengist daglegum samskiptum og góðri umgengni í skólanum.

Námsmat

Námsmat byggist á samtölum, verkefnum og sjálfsmati. Metin er hæfni til að útskýra tilfinningar, reglur og lausnir og taka þátt í samstarfi. Endurgjöf styður við framfarir; persónuleg líðan er ekki gefin einkunn.

Námslotur

Námið er samþætt en megináherslur eru:

Sjálfsmynd og líðan: tilfinningar, þarfir, styrkleikar og seigla.

Samskipti: félagsfærni, virðing, bekkjarsáttmáli og lausnir á ágreiningi.

Ábyrgð og heilsa: sjálfstjórn, samhjálp, réttindi og heilbrigðar venjur.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Valin hæfniviðmið samfélagsgreina við lok 4. bekkjar. Nemandi getur:

- spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,
- sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima,
- tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.
- áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis,
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði,
- gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur,
- sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt,
- fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu,
- sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra,
- rætt um réttindi sín og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.

Heimild: Aðalnámskrá grunnskóla, 24. kafli, adalnamskra.is.